

Skattar, gjöld og bætur árið 2018



Staðgreiðsla

Staðgreiðsla skatta 2018 er reiknuð í tveimur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

Af fyrstu 893.713 kr. 36,94%
Af fjárhæð umfram 893.713 kr. 46,24%

■ Frádráttur vegna lífeyrisréttinda

Heimill frádráttur vegna greiðslu launamanna til almennra lífeyrisréttinda er 4% af iðgjaldsstofni. Frádráttur vegna séreignarsparnaðar er 4%.

■ Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 53.895 kr. á mánuði.

■ Skattlagning barna

Börn fædd 2003 og síðar greiða 6% af tekjum yfir 180.000 kr.

■ Laun frá fleiri en einum launagreiðanda

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 893.713 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 46,24% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum.

■ Tryggingagjald

Tryggingagjald er 6,85%.

■ Fjársýsluskattur

Fjársýsluskattur er 5,5%.

■ Fjármagnstekjuskattur

Skattur á fjármagnstekjur er 22%.

Framtal og álagning

■ Barnabætur

Barnabætur með fyrsta barni hjóna eru 223.300 kr. og með hverju barni umfram eitt 265.900 kr. Með fyrsta barni einstæðs foreldris eru þær 372.100 kr. og með hverju barni umfram eitt 381.700 kr.

Skerðingarmörk vegna tekna eru 5.800.000 kr. hjá hjónum og 2.900.000 kr. hjá einstæðu foreldri. Bæturnar skerðast um 4% af tekjum umfram þessi mörk fyrir eitt barn, 6% fyrir tvö börn og 8% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Viðbótargreiðsla með hverju barni yngra en 7 ára er 133.300 kr. og skerðist um 4% af tekjum umfram ofangreind mörk.

■ Vaxtabætur

Hámark vaxtabóta er 400.000 kr. fyrir einhleyping, 500.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 600.000 kr. fyrir hjón/sambúðarfólk.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærra en 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarkaupa og að hámarki 800.000 kr. hjá einhleypingi, 1.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Skerðing vegna tekna er 8,5% af tekjustofni.

Vaxtabætur einhleypinga og einstæðra foreldra byrja að skerðast við nettóeign 4.500.000 kr. og falla niður þegar hún nær 7.200.000 kr.

Vaxtabætur hjóna og sambúðarfólks byrja að skerðast við nettóeign 7.300.000 kr. og falla niður þegar hún nær 11.680.000 kr.

■ Fjármagnstekjuskattur

Skattur á fjármagnstekjur er 20% við álagningu 2018.

Frítekjumark vegna vaxtatekna er 150.000 kr. á einstakling.

Frádráttur vegna leigutekna manna af íbúðarhúsnæði til búsetu leigjanda er 50% af leigutekjum.

Frítekjumark gildir ekki um arð, söluhagnað og leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði sem leigt er til búsetu leigjanda.

■ Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra er 11.175 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1948 og síðar og eru með tekjur yfir 1.718.678 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

■ Útvarpsgjald

Útvarpsgjald er 17.100 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1948 og síðar og eru með tekjur yfir 1.718.678 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

■ Skattlagning lögaðila

Tekjuskattur hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga er 20% við álagningu 2018.

Tekjuskattur annarra lögaðila er 36% og gildir það m.a. um sameignar- og samlagsfélög, þrotabú og dánarbú.

■ Álagning einstaklinga

Álagning opinberra gjalda einstaklinga fer fram 31. maí 2018.